

Æskulýðsnefnd

Æskulýðsnefnd tók til umfjöllunar 3 tillögur. Alls störfuðu 21 þingfulltrúi með nefndinni. Formaður Þorvarður Helgason.

Þingskjal nr. 22

Æskulýðsnefnd styður tillöguna.

Nefndarmenn telja að með styrkleikaskiptingu í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum gefum við fleiri börnum tækifæri á að keppa og að með þessu náist nýliðun í keppnisgreinar yngri flokka.

Í kafla 4 *Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum.*

4.1 Aldursflokkaskipting – á eftir fyrstu setningu. HEIMILT er en ekki skylt að bjóða upp á styrkleikaskiptingu á félagsmótum. Á ekki við um Íslands- og Landsmót.

Þingskjal nr. 24

Mjög skiptar skoðanir innan nefndarinnar, sumir vildu ekki sjá börnin á stökki í úrslitum vegna hættu á slysum en aðrir nefndarmenn vildu sjá keppnina óbreytta. Nefndin er þó sammála um að tillagan verði ekki lögð fram óbreytt.

Þingskjal nr. 25

Æskulýðsnefnd er algjörlega sammála þessari tillögu en vill þó skerpa á því að ekki megi setja annan knapa á hinn hestinn eða hestana. Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt.

Spurningar um framtíð LH

LH eru regnhlífarsamtök fyrir hestamenn og þeirra félög og þarf að hlúa vel að því. Félögin sinna starfinu en LH sem heldur utanum. Félagslögin ramminn sem félögin starfa eftir.

Hagsmunagæsla fyrir félögin, dæmi Léttir vs. akstursíþróttabraut.

Æskulýðsnefnd leggur áherslu á það að æskulýðsmálin séu ávallt höfð í fyrirrúmi því grasrótastarfið er grunnur að öllu starfi félagana.